Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Ávarp og stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins á Alþingi 1937

Bjarni Benediktsson – Ávarp og stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins á Alþingi 1937

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-4, Örk 1

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1.

# Ávarp og stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins á Alþingi 1937.

Enn á ný eiga fram að fara í landinu kosningar til Alþingis, og að þessu sinni örlagaríkari en ~~nokkru sinni~~ nokkrum tíma áður. Nú eiga kjósendur þessa lands að skera úr því með atkvæði sínu, hvort þeir ætla sér að styðja viðhald ~~[illegible]~~ og eflingu allra þjóðlegra verðmæta eða niðurrif þeirra og eyðingu.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þeir flokkar, sem farið hafa með völd í landinu á síðustu árum, hafa sýnt það í orði og sannað með verkum sínum, að þeim er ekki treystandi til þess að vinna að heill alþjóðar. Þeir hafa í flestum þjóðmálum bæði misbeitt því valdi, sem þeir sumpart hafa fengið og sumpart tekið sér, atvinnuvegum landsfólksins til tjóns og afkomu þess til niðurdreps, og á hinn bóginn til upphefðar gæðingum sínum á kostnað almennings. Þeir hafa gert ítrekaðar tilraunir til þess að kúga frelsi og fé út af einstaklingum þjóðarinnar–

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með ósvífinni löggjöf í atvinnumálum og skattamálum. Þeir hafa komið fjárhag landsins á heljarþröm, með ódæma sukki og óheillaráðstöfunum, og með því að skerða viðskiptatraust þjóðarinnar erlendis, svo að nærri stappar glötun sjálfsforræðis.

Hvert eitt af þessu, og þá eigi síður allt til samans, er œrið nóg til þess, að þeir eigi að dæmast óalandi og óferjandi til umráða og meðferðar á málefnum hinnar íslenzku þjóðar. Og það eru kjósendur landsins, sem nú eiga að fella þann dóm, því að nú er ekki seinna vænna. —

Sjálfstæðisflokkurinn ~~segja~~ hefir sýnt það áður og sýnir það enn í dag, eins og hann einnig mun ~~sýna~~ gera það framvegis, að honum einum er treystandi til þess að vinna að velfarnaði allra þjóðfélagsborgaranna, að uppihaldi atvinnuveganna og viðreisn þjóðfélagsins. Undir því, að honum veitist tök á því að fara með ráð og völd í þjóðmálunum, er sjálfstæði landsins komið út á við og inn á við. Með vitundinni um það ganga kjósendur inn í kjörborðin, og þar ber þeim að inna af hendi skyldu sína gagnvart sjálfum sér og þjóðarheildinni ~~og~~ með ábyrgð fyrir nútíð og framtíð.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Stefna Sjálfstæðisflokksins er

öllum landslýð kunn. En til frekari áréttingar skal hér greind afstaða flokksins til þjóðmálanna í höfuðatriðum:

### I. Sjálfstæðismálið og almenn þjóðmál.

1. Sjálfstæðisflokkurinn vill efla stjórnarfarslegt og fjárhagslegt sjálfstæði Íslands út á við og inn á við.

2. Sjálfstæðisflokkurinn vill vinna að velmegun allra þegna landsins á grundvelli atvinnufrelsis og viðskiptafrelsis, svo sem með því

   a. að styðja einstaklingsframtakið og séreignarréttinn, að öllu því leyti sem til hagsmuna getur horft þjóðfélagsborgurunum eða þjóðarheildinni;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

b. <u>Að</u> viðhalda einka- og félags-
rekstri við fyrirtæki lands-
manna, nema óhjákvæmilegar
ástæður eða hagur þjóðarinnar
geri það óumflýjanlegt, að
ríkið taki rekstur ákveðinna
framkvæmda í sínar hendur
um skemmri eða lengri tíma.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# II. Fjárhagsmál og skattamál.

Sjálfstæðisflokkurinn vill vinna að fjárhagslegri viðreisn þjóðarinnar og bættri afkomu þjóðarbúsins og þegnanna m.a. á þann hátt:

1. Að draga úr kostnaði við rekstur ríkisbúskaparins;
2. Að forðast svo sem verða má tekjuhalla á reikningi ríkisins;
3. Að greiða eins fljótt og ástæður leyfa auka-afborganir af skuldum ríkissjóðs, og nota ávalt til þess þann tekjuafgang, er til fellur;
4. Að halda greiðslujöfnuði við útlönd;
5. Að draga úr sköttum og skyldum til ríkissjóðs, í samræmi við lækkun rekstrarkostnaðar ríkisbúskaparins, einkanlega meðan atvinnuvegir landsmanna berjast í bökkum;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. að afla sveitar- og bæjarfélögunum tekjustofna, helzt þannig að ríkið afhendi beinlínis nokkuð af sínum tekjum til þeirra, svo að þeim verði kleift að standa undir hinum sívaxandi byrðum, sem á þau hlaðast.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Iðnaðarmál.

Sjálfstæðisflokkurinn vill vinna að því af alefli:

1. Að ~~rafm~~ rafvirkjun aukist í landinu, til allra almennings þarfa, þar sem því verður við komið, og að hið opinbera styrki slíkar framkvæmdir svo sem unt er, – enda sé kjörorðið: Rafmagn inn á hvert einasta heimili.

2. Að styðja notkun og vinslu íslenzkra jarðefna, hverju nafni sem nefnast, sem hagnýta mætti í þarfir framleiðslu og iðnaðar.

3. Að vinna úr og hagnýta afurðir landsmanna á sem fjölbreyttastan hátt.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13) M. J.
11) Jakob
17) L. Kr.
1) G. L.
14) Ó Th.
15) P. M.
8) J. Ól.
3) G. Sv.
7) Jóh. Jóh.
5) Guðl. Þl.
12) M. G.
10) Jón Sig.
9) Jón P.
6) J. A. J.
19) Þ. Þ.
18) Þór.
16) P. Ott.
4) G. Th.
2) Garðar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur